

Nd.

128. Frumvarp

til laga um verðtoll af tóbaksvörum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Af öllum tóbaksvörum, sem fluttar eru til landsins, skal greiða verðtoll í rikissjóð sem hér greinir:

- a. Af óunnu tóbaki, rjóltóbaki, munntóbaki og allskonar reyktóbaki skal greiða 15 af hundraði af innkaupsverði vörunnar.
- b. Af vindlum, smávindlum og vindlingum skal greiða 25 af hundraði af innkaupsverði vörunnar.

2. gr.

Meðan lög nr. 58 1931, um einkasölu á tóbaki, eru í gildi, skal allur verðtollur af innfluttum tóbaksvörum, hvar sem er á landinu, greiddur til tollstjórans í Reykjavík, og skal gjaldheimtumönnum rikissjóðs úti um land skylt að tilkynna innflutning tóbaksvara í þeirra umdæmi til tollstjórans í Reykjavík.

3. gr.

Við greiðslu verðtolls þessa skal innflytjanda skylt að leggja fram innkaupsreikning yfir vörunnar, og skulu innkaupsreikningarnir stimplaðir af innheimtumanni eða umboðsmanni hans með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75 1921.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að undanþiggja verðtolti óunnið tóbak, sem eingöngu er ætlað til sauðfjárlækninga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samkv. tilmælum fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Ef gengið er út frá svipuðum innflutningi á tóbaksvörum eins og var árið 1930, ætti verðtollur þessi að nema ca. kr. 155000,00 af vindlum og vindlingum, og ca. kr. 110000,00 af öðru tóbaki. Með því að gera ráð fyrir, að innflutningur tóbaks minnki um ca. 25%, ætti þessi verðtollur þó alltaf að nema um kr. 200000,00 á ári.